

Þéttleiki byggðar

Byggðamynstri má að nokkru lýsa með þéttleika byggðar. Stofn- og rekstrarkostnaður dreifbýls samfélags er meiri en þéttbýls en dreifð byggða felur líka í sér kosti og lífsgæði sem margir telja dýrmæt og eftirsóknarverð.

Ísland er strjálbýlt ef höfuðborgarsvæðið er undanskilið. Í nokkrum löndum búa færri íbúar á hvern ferkílómetra lands, t.d. á Grænlandi og löndum með stórar eyðimerkur.¹ Holland er eitt þéttbýlasta land Evrópu með rúmlega 1000 íbúa á hvern ferkílómetra en Svíþjóð og Finnland eru dreifbýlustu lönd Evrópusambandsins með 22 íbúa á hvern ferkílómetra.² Ísland er 103.000 ferkílómetrar og þar búa um 319.000 íbúar árið 2009, eða um 3 íbúar á hvern ferkílómetra.³ Viðmið OECD skilgreinir dreifbýli þar sem íbúar á hvern ferkílómetra eru færri en 150⁴. Samkvæmt þessu er Ísland í heild dreifbýlt en í Reykjavík búa þó um 430 íbúar á hvern ferkílómetra og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur búa um 65 íbúar á hvern ferkílómetra.

Sé miðað við landstærð undir 200 metrum hækkar auðvitað íbúafjöldi á hvern ferkílómetra en samt telst landið dreifbýlt. Á kortinu sem fylgir má sjá hversu margir búa á hvern kílómetra undir 200 metra hæð eftir sveitarfélögum árið 2009. Blái liturinn sem sýnir færri en 50 íbúa á hvern fermetra er ríkjandi en frávik eru á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akranesi og Akureyri og í Stykkishólmi, Árborg Hveragerði og Vestmannaeyjum.

¹ http://en.wikipedia.org/wiki/List_of_countries_by_population_density

² Sveriges landsbygdsprogram 2007-2013, www.regeringen.se/content/1/c6/08/27/24/a0a25a58.pdf

³ Hagstofa Íslands

⁴ Sveriges landsbygdsprogram 2007-2013, www.regeringen.se/content/1/c6/08/27/24/a0a25a58.pdf